

Verklagsreglur vegna viðbragða við grun um illa meðferð dýra

Tilkynna skal grun um illa meðferð dýra til viðkomandi héraðsdýralæknis

Málsmeðferð skv. lögum um búfjárhald (nr. 103/2002, 16.gr.)

- HD (héraðsdýralæknir) skal innan tveggja sólarhringa meta ástand búfjárins og aðbúnað.
- HD er skylt að kalla til héraðsráðunaut og/eða fulltrúa yfirdýralæknis til aðstoðar.
- HD skal gefa umráðamanni búfjár skrifleg fyrirmæli um ráðstafanir.
- HD veitir mest einnar viku frest til úrbóta ef um vanfóðrun eða harðýðgi er að ræða.
- HD veitir mest þriggja vikna frest ef aðbúnaði er ábótavant.
- Gefa skal umráðamanni búfjár mest fjögurra sólarhringa frest til andmæla.

ERFIÐLEIKAR VARDANDI SAMSKIPTI VIÐ BÚFJÁREIGANDA

- Neiti umráðamaður búfjár aðgang að gripahúsum og/eða beitolöndum tilkynnir HD það til lögreglustjóra innan sólarhrings.
- Lögreglustjóri skal innan sólarhrings óska eftir dómsúrskurði.
- Virði umráðamaður búfjár ekki þær ráðstafanir sem lagðar voru fyrir eða geti ekki orðið við þeim og/eða HD telur úrbætur ekki þola bið, skal lögreglustjóri taka búfé úr vörslu umráðamanns búfjár innan tveggja sólarhringa.
- Lögreglustjóri skal ráðstafa búfé í samráði við HD og sveitarstjórn eftir vörslusviptingu. Heimilt er að aflífa búféð að undangengnum fjögurra sólarhringa andmælafresti umráðamanns búfjár.
- HD getur í samráði við yfirdýralækni aflífað innan sólarhrings búfé sem orðið hefur fyrir varanlegum skaða sökum vanfóðrunar, harðýðgi, slysa eða slæms aðbúnaðar. Lögreglustjóri ber ábyrgð á þeim aðgerðum.

HLUTVERK SVEITARSTJÓRNA

- Í öllum tilvikum ber sveitarstjórn að útvega fóður, hlutast til um fóðrun og aðbúnað eða ráðstafa búfé til fóðrunar þar til það hefur verið tekið úr vörslu búfjáreiganda. Sjái sveitarstjórn sér ekki fært að útvega fóður, hlutast til um fóðrun eða sjá um aðbúnað búfjárins, skal þegar grípa til vörslusviptingar.

KOSTNAÐUR VIÐ EFTIRLIT OG AÐGERÐIR

- Umráðamaður búfjár er hlut á að máli ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Sveitarstjórn, lögreglustjóri og eftirlitsaðilar eiga lögveð í búfénu vegna kostnaðar sem hlýst af framkvæmd þessarar greinar eða kröfurétt í aðrar eignir hans. Þó skal viðkomandi eftirlitsaðili bera kostnað sem hlýst af tilefnislausri tilkynningu.

Málsmeðferð skv. lögum um dýravernd (nr. 15/1994, 18 gr.)

- HD skal ganga úr skugga um hvort grunur um illa meðferð dýranna sé á rökum reistur. Lögregla og/eða UST skal aðstoða HD sé þess óskað.
- HD er heimilt að kanna ástand og aðbúnað dýra en má ekki fara inn í íbúðarhús eða útihús án samþykkis eiganda/umsjónarmanns. Í slíkum tilfellum þarf dómsúrskurð.
- HD skal í öllum tilfellum rita eftirlitsskýrslu um niðurstöðu eftirlits vegna gruns um illa meðferð dýra og senda UST (Umhverfisstofnun).

EF GRUNUR UM ILLA MEÐFERÐ ÞYKIR Á RÖKUM REISTUR OG BROT ER MINNIHÁTTAR :

- UST skal skriflega fara fram á tímasettar úrbætur.
- Hlíti eigandi ekki fyrirmælum UST getur stofnunin látið vinna úrbætur á hans kostnað.
- Til að stöðva eða fyrirbyggja illa meðferð á dýrum, getur UST svipt eiganda/umsjónarmann heimild til að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið.

EF HD OG UST TELJA ÞÖRF Á AÐ TAKA DÝR ÚR VÖRSLU EIGANDA:

- Umsagnir UST og HD skulu sendar lögreglustjóra.
- Lögregla tilkynnir viðkomandi sveitarfélagi um aðgerðir og kemur dýri fyrir hjá eftirlitsmanni sveitarfélagsins. Sveitarstjórn er skylt að útvega geymslustað, fóður og umhirðu fyrir dýr á kostnað eiganda eða umsjónarmanns.
- Telji sveitarfélagið sér ekki fært að sinna geymslu, fóðrun og umhirðu dýrsins án þess að eigandi eða umsjónarmaður dýrsins leggi fram tryggingu fyrir þeim kostnaði, ber sveitarfélaginu að tilkynna eiganda eða umsjónarmanni þá ákvörðun og afleiðingar þess, verði ekki við brugðist.

GRUNUR UM ALVARLEGT BROT OG BRÝNA HÆTTU Á HEILSUTJÓNI DÝRS:

- Lögregla getur, fyrirvaralaust og án dómsúrskurðar, farið inn í íbúð/útihús og tekið dýr úr vörslu eiganda/umsjónarmanns.
- Dýri skal komið fyrir hjá dýraeftirlitsmanni sveitarfélags.
- UST og HD tilkynnt um aðgerðir og óskað eftir umsögn um ástand dýrs og hvort dýr skuli afhent eiganda eða vera áfram í vörslu lögreglu þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið. Frestur til umsagnar skal ekki vera lengri en 3 dagar.

